

Ýkt hamingjuleit

Það er ekkert launungarmál að erlend verk sem tekin eru til sýninga í íslenskum leikhúsum eru oftar en ekki eftir enskumælendi höfunda. Norræn nútímaverk eru sjaldséð og því ánægjulegt að Leikfélag Reykjavíkur haldi upp á 105 ára afmæli sitt með frumsýningu á Fyrst er að fæðast eftir Line Knutzon, eitt athyglisverðasta danska leikskáldið nú um stundir. Hún hefur samið tíu leikrit á jafnmörgum árum, ýmist fyrir svið eða útvarp. Það var einmitt leikritið Fyrst er að fæðast sem var samið fyrir útskriftar-nema leiklistarskólans í Árósum sem beindi athyglinni að þessum nýja höfundi en það hefur nú verið sýnt víða um heim við góðar undirtektir.

Helst þykir einkenna verk Line Knutzon sérstæður og leiftrandi humor. Textinn í Fyrst er að fæðast er bráðfyndinn og jaðrar við að vera sýrrealískur en minna þúðri er eytt í fléttuna eða sjálfan söguþráðinn. Persónur eru ýktar, jafnvel að mörkum hins raunverulega, en eiga sameiginlegt að þrá ást og hamingju. Það má líka til sanns vegar færa að hamingjuleitin leiði persónurnar sex saman en áhorfendum er látið eftir að ákveða hvort sú leit skilar tilætluðum árangri.

Leiklist

Þetta er fyrsta uppsetning Benedikts Erlingssonar og leikhóps sem kenndur er við Nýja sviðið í Borgarleikhúsinu. Frumraunin lofar góðu; Benedikt er trúr anda verksins og undirstrikar enn frekar fjarstæðukenndar aðstæður og skringilegar persónur. Á köflum nálgast verkið það að verða væmið en gamansemín kemur í veg fyrir að sú tilfinning ná yfirhöndinni.

Leikmynd Stigs Steinþórssonar er einföld en praktísk og samanstendur af þremur lausum hurðum, bekk, póstkassa og baktjaldi sem er skemmtilega nýtt í upphafsatriðinu. Tónlistarvalið er sömuleiðis til fyrirmyndar en vitanlega er það fyrst og síðast leikurinn sem ræður útkomunni. Leikhópur Nýja sviðsins er skipaður þeim Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, Þór Tulinius, Hörpu Arnardóttur, Halldóri Gylfasyni, Gunnari Hanssyni og Sóleyju Elíasdóttur og óhætt að fullyrða að öllum tekst þeim vel upp.

Vel er til fundið að láta Halldór Gylfason,



Þekkjum við ástina þegar við sjáum hana?

Harpa Arnardóttir og Gunnar Hansson vekja bæði hlátur og grát í Fyrst er að fæðast.

sem er þekktastur fyrir gamanleik, túlka Volgeir. Hér fær hann að sýna á sér aðra hlið því Volgeir er alvörufesta persónan og sú sem kemst næst því að vera eðlileg. Töfvarinn Axel var skemmtilega ráðvilltur í meðförum Gunnars og ekki var Sigrún Edda sífri í hlutverki hinnar borubróttu Sissu sem óttast lífið alveg jafnmikið og systir hennar Pissa en fer bara betur með það.


Harpa var hreint óborganleg sem hin grátgjarna Pissa og sannar enn á ný að hún er frá-bær gamanleikkona. Þór Tulinius kom líka skemmtilega á óvart með blæbrigðaríkri en hófstilltri túlkun á mágrenisjúklingnum Vikt-

ori. Sóley átti ágæta spretti í hlutverki Dúllu en raddbeiting sem hún hefur tamið sér og gerir hana nefnæla litar um of túlkun hennar.

Fyrst er að fæðast er vel heppnuð og bráðskemmtileg sýning. Þetta danska verk er kærkomin tilbreyting frá engilsaxnesku leikritunum sem hér ráða ríkjum og sönn andleg upp-lyfting í skammdeginu.

Halldóra Friðjónsdóttir

Leikfélag Reykjavíkur sýnir á Nýja sviðinu: Fyrst er að fæðast eftir Line Knutzon. **Þýðing:** Þórarinn Eldjárn. **Hljóð:** Jakob Tryggvason. **Lýsing:** Kári Gíslason. **Leikmynd og búningar:** Stigur Steinþórsson. **Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson.



Koberling fyrirles

Bernd Koberling, myndlistarmaður frá Þýskalandi og prófessor við Listaakademíuna í Berlín, er mjög í fréttum hér þessa dagana, og var meðal annars í skemmtilegu viðtali í helgarblaði DV á laugardaginn. Þann dag var opnuð sýning á málverkum hans í Hafnarhúsinu, og svo var verið að gefa út smá-sagnasafnið Tregahorníð eftir Gyrði Elíasson, fagurlega myndskreytt af Koberling. Þar ritar Aðalsteinn Ingólfsson eftirmála um list Bernds Koberlings og dregur reyndar upp skemmtilega mynd af þeim Gyrði báðum. Þessi bók hefur áður komið út á þýsku og er á íslensku gefin út af Máli og menningu í samvinnu við þýska forlagið Kleinheirich í Münster. Áður hefur Koberling myndskreytt útgáfur á ljóðum Snorra Hjartarsonar og Baldurs Óskarssonar á þýsku.

Í hádeginu í dag, eða kl. 12.30, heldur Bernd Koberling opinn fyrirlestur í Hafnarhúsinu á vegum Listaháskólans og Listasafns Reykjavíkur og fjallar um eigin verk. Hann talar á ensku.

Koberling hefur dvalið reglulega á Íslandi síðasta aldarfjórðung. Náttúran og áhrif mannsins á hana eru aðalviðfangsefni hans.

Skapandi líf

Á miðvikudaginn kl. 12.30 heldur Guðbjörg Gissuraradóttir fyrirlesturinn „Skapandi líf“ við Opna listaháskólann, Skipholti 1, stofu 113. Guðbjörg útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá MHÍ 1994 og tók masterspróf í Communication Design við Pratt Institute, NY, 1977. Guðbjörg er nú kennari við Pratt Institute og Listaháskóla Íslands.

Fyrirlesturinn er tileinkaður sköpunargáfunni og verða ýmsar aðferðir skoðaðar sem m.a. örva og losa um hugmyndaflæði og auka lífsgleðina. Jafnframt verða umræður sem efla skilning okkar á okkur sjálfum sem skapandi verum og mikilvægi skapandi lífsstíls.

Tölva sem verkfæri í myndlist

Námskeiðið „Tölva sem verkfæri í myndlist“ hefst 28. jan. og er ætlað fólki sem starfar að listum og hefur hug á að kynnast myndvinnslu í tölvu. Farið er í uppbyggingu vélbúnaðar, kennd grunnatriði í Photoshop og kynntur hugbúnaðurinn Freehand og Illustrator.

Kennari er Höskuldur Harri Gylfason myndlistarmaður og grafískur hönnuður.

Kínverskir tónleikar

Annað kvöld kl. 20 og á laugardaginn kemur kl. 17 heldur „Hinn þjóðlegi tónlistarhópur kínversku kvikmyndahljómsveitarinnar í Peking“ tónleika í Salnum í Kópavogi. Hópurinn er skipaður sex hljóðfæraleikurum og flytur nýja og forna kínverska þjóðlagatónlist á gömul hljóðfæri.

Kvikmyndahljómsveitin hefur átt ríkan þátt í að efla þróun þjóðlegrar, kínverskrar tónlistar. Hún hefur einnig átt samstarf við stjórnendur frá öðrum löndum, svo sem Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og Japan, og hlotið frábærar viðurkaðar hvar sem hún hefur haldið tónleika. Á vegum hljómsveitarinnar hafa hópar hljóðfæraleikara sótt heim fjölmargar þjóðir og kynnt hina ríku tónlistarhefð Kínverja. Þar á meðal er sextett sá sem nú heimsækir Íslendinga í boði Kínversk-Íslenska menningarfélagsins, Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins og utanríkisráðuneytisins.

Tónleikar hópsins hér á landi eru haldnir til að minnast þess að í desember síðastliðnum voru liðin 30 ár frá því að Íslendingar og Kínverjar tóku upp stjórn-málasamband.

Bókmenntir

Ljóðræn perla



„Gluggavofan átti heima í stóru sprungunni þvert yfir svefnherbergisgluggann ... það var nú áreiðanlegt að þar bjó hún. Þegar ég og Ljúfa vorum háttaðar á kvöldin heyrðum við hana leika lögin sín.“

Saga Steinunnar Eyjólfsdóttur um Gluggavofuna opnar sýn inn í frjóan barnshuga sem skapar dularfulla og heillandi veru úr hljóðunum sem vindurinn býr til í sprungu í gluggarúðu. Á sérkennilegan hátt minnir þessi saga á gamlar barnasögur, sögur af fátækum börnum sem létu ímyndunaraflíð bæta sér upp skortinn í veruleikanum. Allur still og frásagnarháttur þessarar sögu er tilgerðarlaus og sannur á einhvern illskilgreinanlegan hátt og afar aðlaðandi. Gluggavofan leikur á flautu sína fyrir litlu systurnar tvær sem sjá hana fyrir sér sem hálfgegnseja og

ójarðneska stúlku með hvítt sitt hár niður á tær og gyllta flautu. Stundum flautar hún lágt og milt, stundum – einkum í norðanbyl – heldur hún meiri háttar tónleika. Eftir eina slíka gripur fullorðna fólkið inn í og límir fyrir munninn á henni, og hún verður fúl og þegir þangað til rigningin losar límbandið af henni.

Systurnar eru svo innlifaðar í líf vofunnar að þær verða himinlifandi þegar vofan eignast í einu ofviðrinu urmúl af börnum sem öll leika af kappi á flautur sínar. Þá verður sannkölluð listahátíð í glugganum! En barnalánið verður vofunni dýrkeypt því nú er loksins drifið í að skipta um rúðu svo mannaþörnin, sem hafa heitt blóð, deyi ekki úr kulda. Í huga systranna ferst Gluggavofan þó ekki; hún flytur bara burt með öll börnin sín: „Þau settust á bak vindfuglunum og flugu út í nóttina meðan við sváfum.“ Kannski hafa þau sest að heima hjá þér?

Pastelteikningar Guðfinnu Sverrisdóttur eru ljúfar og ná vel anda sögunnar. En óneitanlega eru þær viðvæningslegar og hefði verið gaman að fá ennþá dráttþagari listamann til að myndskreyta söguna. Þetta er ljóðræn



„Þau settust á bak vindfuglunum og flugu út í nóttina meðan við sváfum.“

Mynd eftir Guðfinnu Sverrisdóttur við Gluggavofuna.

litil perla sem hefði átt skilið enn þá ljóðrænni útfærslu í mynd.

Silja Aðalsteinsdóttir

Steinunn Eyjólfsdóttir: Gluggavofan. Barnabók. Guðfinna Sverrisdóttir teiknaði myndirnar. Vestfirski forlagið 2001.



Með hausinn upp úr

Fólk sækir sér hamingju í hverjum kima. Sundlaugar geta verið einn þeirra. Klórlykt yfir vötnum. Flisar og gáski. Gutl. Og kliður í fólki sem er ýmist að reyna að grenna sig eða brenna sig. Allavega veður.

Sundlaugar eru ekki aðeins berunarstaðir heldur einnig opinberunarstaðir. Þar sér fólk hvert annað með augum náttúrunnar. Fólk getur í mesta lagi reynt að breiða hendur yfir mesta mörinn, en það er ekki meir. Jafnvel karlmenn sem reyna að halda brjóstkasnum upp undir höku þurfa líka að anda. Nei, sköpu-

lagið leynir sér ekki og segir margar sögur af örum og mörum og klurustu flúrum.

Í sundlaugarnar mætir ólíkasta fólk og leggur frá sér grimuna svo sem eins og part úr degi. Þar mætir það sínum samtímamanni næsta nakið og kynnir sig með góðum degi. Kveðst heita Sigurður eða Björk og fer að tala um tíðarfarið og tómsundur. Kroppurinn allur ofan í heitum potti, aðeins hálsinn upp úr og misjafnlega breiðir hausar þar ofan á að fylla upp í þagnir. Stundum hlátur. Og jáhérnur.

Svo er buslað upp úr eins og skorpín rúsina

og rölt um bakkann eins og nakin hetja í nístingskudla og horft á axlirnar á næsta manni erfiða einhverja tvöhundruð metra eða svo. Hvíma. Anda djúpt. Teygja á faðminum og reigja á rumpinum. Og rölt svo að nýju í næsta pott, sest hjá enn einum manni, kannski bara þrítugum strák og alltof stæltum, já eða átt-ræðri konu og þybbinni með brjóst sem fljóta á yfirborðinu.

Og reyna ekki að taka eftir því, heldur tala um veðrið.

Með hausinn upp úr.

-SER